

2004070006
1100; 9310

Seltjarnarnesbær
Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 22. júlí 2004
/--

Efni: Endurbætur á sjóvarnargörðum á Suðurnesi, Seltjarnarnesi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Seltjarnarnesbæjar dags. 28. júní 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynntar endurbætur á sjóvarnargörðum á Suðurnesi, Seltjarnarnesi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Siglingastofnun með bréfi dags. 5. júlí 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. júlí 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 16. júlí 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar séu endurbætur á sjóvarnargörðum á þremur svæðum á Suðurnesi.

Um er að ræða svæði A við golfvallarveg og gönguslóða á Bakkagranda við Bakkavík en þar er fyrirhuguð fylling á u.þ.b. 4 til 6 m breiðu belti til þess að koma fyrir grjótnargarði með 3 m breiðum grjótkanti, 2 m varnarsvæði að 2,5 m breiðum göngustíg og 2 m öryggissvæði meðfram akvegi, alls um 9,5 m, til þess að koma í veg fyrir ágang sjávar á þessu svæði. Fram kemur að umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar mæli með því að framkvæmdasvæði verði alls 7 m breitt að hámarki á þessu svæði í stað 9,5 m. Gert sé ráð fyrir að nýta múrbrot sem falli til við niðurrif frystihúss Ísbjarnarins í fyllingu undir stíg og sjóvörn á svæðinu. Múrbrotsefni verði hulið með kjarna og sprengigrjóti eins fljótt og kostur verði þannig að ekki verði til lýta í umhverfinu.

Á svæði B, frá golfvallarvegi fyrir Svartabakka vestur fyrir Búðatjörn, þar sem fyrir sé

ófrágenginn garður eins og á svæði A, sé fyrirhuguð fylling framan við göngustíg undir sjóvörn og 2 til 3 m breitt varnarsvæði milli göngustígs og garðsins til þess að verjast frekara landbroti. Fram kemur að á veturna sé það mikill sjávargangur á þessu svæði að göngustígur verði illfær en landrými á þessu svæði sé takmarkað og því æskilegt að göngustígur verði á núverandi stað.

Á svæði C, milli gömlu Suðurnesvörðunnar og Urðar (Ljóskastarahúss) sé fyrirhugað að hækka núverandi sjóvörn um ca 1,5 m og að hliðra göngustíg um nokkra metra innar í landið að golfvellinum til að verjast sjávarágangi. Fram kemur að áætluð heildarefnisþörf vegna ofangreindra framkvæmda sé um 7.500 m³ og komi efnið úr opnum námum á höfuðborgarsvæðinu auk fyrrnefnds múrbrotsefnis vegna niðurrifs hraðfrystihúss.

Fram kemur að fjörur á Suðurnesi séu á náttúruminjaskrá og jafnframt sé svæðið hluti af tillögu um náttúruverndarsvæði skv. náttúruverndaráætlun Umhverfisstofnunar. Svæði A og B séu í hópi auðugustu fuglasvæða á Seltjarnarnesi og hafi hátt gildi sem slík. Fuglsungar eigi leið yfir framkvæmdasvæðið til sjávar og tengjast framkvæmdir þannig varpsvæðum, fæðufjörum og uppeldisstöðum unga. Núverandi sjóvarnargarðar hafi áhrif á leiðir fugla og öflugri garðar muni gera það enn frekar. Fyrirhugað sé að útbúa gönguleiðir fyrir fugla og unga í gegnum garðana á a.m.k. fjórum stöðum á svæðum A og B að höfðu samráði við fuglafræðing og komi m.a. til greina að setja um 30 cm víð rör í gegn um garðana sem loka mætti frá hausti til vors. Fram kemur að með tilliti til sjónrænna áhrifa verði ekki um hækkun að ræða miðað við núverandi garða nema á svæði C heldur frekar um endurröðun grjóts og enduruppsetningu þess. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Í umsögn Siglingastofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan svæðis sem samkvæmt náttúruverndaráætlun skuli vinna að friðlýsingu að á næstu árum. Því sé ljóst að svæðið hafi mikið verndargildi og mikilvægt að tekið verði tillit til þess við alla þætti framkvæmdanna.

Jarðmyndanir

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé að finna merkar jarðfræðiminjar, þ.e. jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeiði ísaldar og ísaldarlokum m.a. í víkinni inn af Svörtubökkum. Fyllt hafi verið yfir setlögin að hluta til og sandur hylji þau að einhverju leyti við núverandi sjóvarnargarða en setlögin verði sýnileg þegar fjari út. Ef umfang sjóvarnargarða aukist megi búast við því að sá hluti fjörunnar þar sem sandur safnist fyrir færast utar og þar með muni meira af setlögum hyljast sandi. Með því verði bæði þrengt að setlögum sjálfum og fjörunum. Fram kemur að setlögin séu aðgengileg og gegni hlutverki við kennslu í Háskóla Íslands, sem og við komu erlendra rannsóknarhópa til landsins. Á kaflanum frá miðjum „tanganum“ við austurhluta golfvallarsvæðisins og út með víkinni inn af Svörtubökkum, þ.e. innan syðsta hluta svæðis A og nyrsta hluta svæðis B, ætti því ekki að taka meira af fjörunni undir sjóvarnir vegna áhrifa á

setlög. Fram kemur að á svæði C í fjörunni neðan við ljóskastarahúsið, á um 100 m breiðu svæði, sé að finna merkileg setlög með steingervingum og jökulrákaðar klappir. Á þeim kafla sé mikilvægt að fláar fyrirhugaðrar sjóvarnar nái ekki lengra niður í fjöruna en núverandi sjóvörn. Umhverfisstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft umtalsverð áhrif á merkar jarðfræðiminjar ef farið verði með fyllingu og grjótvörn lengra út í fjöruna á svæðum A og B á þeim kafla þar sem setlög með steingervingum er að finna í fjörunni. Það sama eigi við um 100 m breitt belti neðan við Ljóskastarahúsið á svæði C ef hækkun sjóvarnar hafi í för með sér að grjótvörn nái lengra niður í fjöruna.

Fuglalíf

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að á svæði A í Bakkavík sé auðugt smádýralíf og í víkinni sé mikilvægt fæðuöflunarsvæði fugla og því beri að leggja áherslu á að eins litlu fjörusvæði verði raskað við framkvæmdirnar og kostur sé. Bent er á að ef sandsvæði í fjörunni færast utar í kjölfar fyllingar geti það haft áhrif á fæðuöflunarsvæði fugla. Umhverfisstofnun tekur undir þau tilmæli umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar að framkvæmdasvæði á svæði A verði ekki meira en 7 m breitt frá golfvallarvegi. Umhverfisstofnun bendir á að á svæði B séu einnig flóðsetur og hvíldarstaðir fugla, sem og fæðuöflunarsvæði auk þess sem varpstadir kríu við Búðatjörn séu við framkvæmdasvæðið. Á þessu svæði sé því einnig mikilvægt að halda öllu jarðraski í lágmarki og athuga hvort ekki megi draga úr fyrirhuguðu umfangi grjótvornar. Fram kemur að til að tryggja leið andfugla frá varpstöðvum til sjávar á svæðum A og B telji Umhverfisstofnun að vænlegast sé að koma fyrir sniðbrautum á gördunum. Stofnunin telur mikilvægt að ef göngustígur á svæði C verði færður innar í landið þurfi að velja honum stað þannig að sú færsla hafi sem minnst áhrif á fuglalíf. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að til að draga úr áhrifum framkvæmda á fuglalíf verði ekki hafist handa við framkvæmdir fyrir en að loknum varptíma um mánaðarmótin ágúst – september. Í ár hafi varptími kríu hafist fremur seint og sé útungunartími í hámarki um miðjan júlí og flestir ungar verði fleygir um miðjan ágúst en sumir seinna.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir að svæðið hafi verndargildi og mikilvægt sé að tekið verði tillit til þess við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ekki verði um miklar fyllingar að ræða á svæði A og einungis verði skert lítið hlutfall af fjörusvæðinu og þrenging að setlögum og fjörumónum verði því í lágmarki. Fram kemur að hvað varði syðsta hluta svæðis A og nyrsta hluta svæðis B sé sjálfsagt að verða við ábendingu Umhverfisstofnunar. Gerðar verði lágmarks endurbætur á núverandi sjóvörn á þessum kafla en nauðsynlegt sé að lagfæra hana, þar sem sturtað hafi verið grjóti og því ekki verið raðað. Fram kemur að á svæði B sunnan og vestan Búðatjarnar hafi nú þegar verið fyllt í grandann milli sjávar og tjarnarinnar til að verjast því að hann rofni og sé búið að verja fyllinguna með kjarna og einu lagi af grjóti. Á því svæði sé aðeins eftir að setja ysta lagið og bæta aðgengi fugla í fjöruna með sniðbraut í gegnum garðinn. Að öðru leyti sé framkvæmdarðaðili sammála umsögn Umhverfisstofnunar um að sniðbrautir í gegnum garðana á völdum stöðum séu til þess fallnar að bæta aðgengi fugla og unga til og frá fjöru. Fram kemur að við hækkun á sjóvörn á svæði C sé að mestu fyrirhugað að byggja ofan á núverandi garða og ekki ætlunin að klæða núverandi garð sjávarmegin nema ef skörð hafi myndast. Núverandi garðar muni því að mestu verða óbreyttir niður í fjörunni. Fram kemur að við núverandi sjóvarnargarða á Suðurnesi og innan framkvæmdasvæðisins séu varpstadir kríu, en á svæði A og á hluta af svæði B, þ. e. frá bílaplani við Bakkagrandu

að Svartabakka sé ekki um varp að ræða fyrr en út við Búðatjörn á svæði B. Það sé því að mati framkvæmdaraðila óhætt að hefja framkvæmdir austast á svæði A og á svæði B þar sem ekki sé kríuvarp í lok júlí en að framkvæmdir hefjist ekki við varpland á svæði B og C fyrr en um mánaðarmótin ágúst-september en óvíst sé að framkvæmdir á svæðum B og C verði fyrr en á næsta ári.

Útivist og sjónræn áhrif

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að með eflingu grjótnargarða á Suðurnesi muni ásýnd svæðisins breytast þar sem garðarnir verði meira mannvirki og setja þar af leiðandi meiri svip á umhverfi sitt. Að mati stofnunarinnar er rétt að leggja áherslu á að garðarnir verði eins umfangslitlir og kostur sé, enda um að ræða svæði þar sem er fjölbreytt og auðugt lífríki og vinsælt útivistarsvæði. Umhverfisstofnun bendir í þessu sambandi á að 1,5 m hækkun sjóvarnar sem gert sé ráð fyrir á svæði C muni hafa mikil sjónræn áhrif í för með sér og lokað verði fyrir útsýni frá göngustígnum til fjöru og sjávar sem hafi neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem njóta vilji útivistar á svæðinu. Út frá þeim sjónarmiðum sé vart forsvaranlegt að hafa svo háa grjótvörn og telur stofnunin að skoða beri hvort ekki megi hafa sjóvarnargarðinn lægri en breiðari. Jafnframt bendir stofnunin á mikilvægi þess að ekki gæti sjónrænna áhrifa vegna notkunar múrbrotá í fyllingu, en telja megi að það muni hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra er njóta vilja útivistar á svæðinu ef þau verði sýnileg. Því sé nauðsynlegt að múrbrotin verði vel hulin sprengdu grjóti og að hvergi sjáist í þau.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reiknað sé með að fá Siglingastofnun sem ráðgjafa við endurbyggingu sjóvarnargarðs á svæði C og sé sjálfsagt mál að fara eftir ábendingu Umhverfisstofnunar við endurgerð garðsins og lækka hann.

Múrbrot

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sé niðurrif húsa háð tímabundnu starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur veitt starfsleyfi fyrir niðurrifi frystihúss Ísbjarnarins og telur stofnunin að mögulegt sé að fjalla um endurnýtingu múrbrotá sem til falli við niðurrif hússins í slíku leyfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbætur á sjóvarnargörðum á 3 svæðum á Suðurnesi, Seltjarnarnesi; Svæði A á Bakkagrandá við Bakkavík, svæði B frá Svartabakka vestur fyrir Búðatjörn og svæði C milli gömlu Suðurnesvörðunnar og Urðar (Ljóskastarahúss). Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhuguð framkvæmdasvæði er innan svæðis á náttúruminjasrá og svæðis sem vinna skal að friðlýsingu að á næstu árum samkvæmt náttúruverndaráætlun. Svæði A og B eru í hópi auðugustu fuglasvæða á Seltjarnarnesi auk þess sem við svæði A, B og C eru merkar setlagamyndanir. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umfangi svæðis sem fer undir fyllingu í fjöru á svæði A verði haldið í lágmarki til þess að þrengja ekki að setlagamyndunum

í Bakkavík og til þess að skerða sem minnst fæðuöflunarsvæði fugla. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að ekki eigi að fylla lengra út í fjöru en nú þegar hefur verið gert á syðsta hluta svæðis A og nyrsta hluta svæðis B til þess að forðast að setlöggin geti raskast. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að endurbætur á sjóvörn á svæði C muni ekki hafa áhrif á setlagamyndanir þar sem einungis er gert ráð fyrir að hækka núverandi garð og breikka landmegin. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að við endurbætur sjóvarna á svæði B verði þess gætt að rask í fjöru verði sem allra minnst, miðað við núverandi aðstæður, til að draga úr áhrifum á fæðuöflunarsvæði fugla. Skipulagsstofnun telur að þær aðgerðir, í samráði við fuglafræðing, sem fyrirhugaðar eru á svæðum A og B til að bæta aðgengi fugla og unga til og frá fjöru með gerð sniðbrauta í gegnum garðana vera til þess fallnar að draga úr áhrifum á fugla á svæðunum. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir eigi almennt ekki að hefjast fyrir en að loknum varptíma fugla um mánaðarmótin ágúst-september en telur mikilvægt að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um upphaf framkvæmdatíma. Jafnframt telur stofnunin að æskilegt sé að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um endanlegt umfang og staðsetningu fyllinga á svæðum A og B. Að framansögðu telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaða framkvæmda á svæðum A og B á fuglalíf og setlagamyndanir í Bakkavík verði ekki veruleg. Auk þess telur stofnunin að sjónræn áhrif framkvæmdanna á þessum svæðum verði óveruleg og ásýnd þess muni taka litlum breytingum miðað við núverandi aðstæður. Með því fyrirkomulagi sem kynnt er í svörum framkvæmdaraðila að lækka sjóvörn á svæði C miðað við upphaflegar fyrirætlanir, telur Skipulagsstofnun að sjónræn áhrif og áhrif á útsýni útivistarfólks af svæðinu til hafs verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur ekki að nýting múrbrotu í fyllingu undir göngustíg og sjóvörn á svæði A muni hafa óæskileg áhrif á umhverfið enda verði ákvæði í starfsleyfi fyrir niðurrifi frystihúss Ísbjarnarins um endurnýtingu efnisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbætur á sjóvörnum á 3 stöðum á Suðurnesi, Seltjarnarnesi sé ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Seltjarnarnesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir við sjóvörn verða heimilaðar sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ásamt síðari viðbótum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. ágúst 2004.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Seltjarnarnesbær, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.